

# Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2024, þriðjudaginn 3. desember kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1186. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.  
Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Sigrún Reynisdóttir og Sigurður Stefán Karlsson.  
Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

## Þetta gerðist:

### 1. Ármúli 13 - USK24100058

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059075 vegna lokaúttektar þannig að brunavörnum er breytt í húsi á lóð nr. 12 við Ármúla.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

### 2. Ármúli 9 - USK24110321

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi í atvinnuhúsi á lóð nr. 9 við Ármúla.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 3. Bjarmaland 13 - USK24050290

Sótt er um leyfi til að byggja steypa stoðveggi í stað timburgrindverks, setja steypa vegg, kjallara og setja útidyráhurð í kjallara. Auk þess er áður gerð framkvæmd sem snúa að gluggum í kjallara og stiga innanhúss í húsi nr. 13 við Bjarmaland.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

### 4. Blikastaðavegur 2-8 - USK24100129

Sótt er um leyfi til að byggja lager- og skrifstofuhús á tveimur hæðum, mhl. 03 og kalda útigeymslu sem verður mhl. 04 á lóð nr 2-8 við Blikastaðaveg.

Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 2. október 2024, mæliblað útg. 18. júní 2008 og greinargerð um hönnun brunavarna dags. 11. september 2024.

Stærð, mhl. 03: 4.290,1 ferm., 30.778,7 rúmm.

Mhl. 04: 539,38 ferm., 3.836,6 rúmm.

Samtals: 4.829,4 ferm., 34.615,3 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

#### **5. Brautarholt 4 - USK24060206**

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 1., 2. og 3. hæðar með því að fjölga herbergjum og bæta við starfsmannaaðstöðu og eldhúsi í gististað í flokki XX á lóð nr. 4 við Brautarholti. Erindi fylgir hæðarblað 1.241.2 dags. 10. september 2020, yfirlit breytinga dags. 11. desember 2018 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. nóvember 2024.

Frestað. Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28 nóvember 2024.

#### **6. Breiðhöfði 10 - USK24110261**

Sótt er um leyfi til að rífa mhl. XX á lóð nr. 10 við Breiðhöfða. Stærð niðurrifs: XX ferm., XX rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **7. Breiðhöfði 10 - Niðurrif - USK24110262**

Sótt er um leyfi til að rífa mhl. XX á lóð nr. 10 við Breiðhöfða. Stærð niðurrifs: XX ferm., XX rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **8. Breiðhöfði 10 - Niðurrif - USK24110260**

Sótt er um leyfi til að rífa mhl. 01 - 0102 spennistöð og skrifstofa /mötuneyti á lóð nr. 10 við Breiðhöfða. Stærð niðurrifs: xx ferm., xx rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **9. Breiðhöfði 10 - Niðurrif - USK24110259**

Sótt er um leyfi til að rífa mhl. 01 - rými 0101 á lóð nr. 10 við Breiðhöfða. Stærð niðurrifs: xx ferm., xx rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **10. Breiðhöfði 15 - USK23090058**

Sótt er um leyfi til að byggja 3-7 hæða fjölbýlishús og bílakjallara með 111 íbúðum á lóð nr. 15 við Breiðhöfða.

Með erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. desember 2023 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. október 2023

Stærðir:

Ferm. 14.838,6 Rúmm. 48.797,7

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **11. Brekkugerði 19 - USK24100288**

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi, nokkrar breytingar hafa verið gerðar á útliti glugga og hurða auk þess sem þaksvölum hefur verið breytt í þakgarð og þar komið fyrir útigeymslu, hluti af þakkanti verið sagaður niður og gler sett í staðinn, gler sett í stað bílskúrshurðar og notkun bílskúrs breytt í stofu í einbýlishúsi á lóð nr. 19 við Brekkugerði.

Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 15. nóvember 2024, umsögn Minjastofnunar dags. 22. október 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 12. október 1961.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **12. Dugguvogur 9 - USK24100147**

Sótt er um leyfi til að byggja sólskála og koma fyrir heitum potti á þaksvölum íbúðar 0501 í mhl. 04 á lóð nr. 9 við Dugguvog.

Erindi fylgir greinargerð verkfræðings dags. 9. nóvember 2024 og samþykki meðeigenda ódagsett.  
Stækkun: 13,6 ferm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

### **13. Eiríksgata 13 - USK24090378**

Sótt er um leyfi til að gera björgunarop úr kjallara og breyta skráningu íbúðar í gististað í flokki II, teg. ? í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 13 við Eiríksgötu.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda.

Einnig fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. nóvember 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **14. Flúðasel 61-77 - BN061561**

Sótt er um leyfi til þess að grafa frá og gera glugga að framanverðu, steypa stoðvegg auk plötu neðan við nýja glugga í fjölbýlishúsi nr. 61 á lóð nr. 61-77 við Flúðasel.

Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 1. júlí 2022 og samþykkt í formi afrits fundargerðar húsfélags dags. 24. janúar 2022.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **15. Framnesvegur 19 - USK23050142**

Sótt er um leyfi til þess að byggja á tveggja hæða viðbyggingu og sólskála við vesturgafli einbýlishúss á lóð nr. 19 við Framnesveg.

Stækkun: 30.7 ferm., 88.1 rúmm.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK24110211, umsókn um niðurrif.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 26. september 2024, umsögn frá burðarþolshönnuði dags. 28. apríl 2023, varmatapsútreikningar og orkurammi dags. 2. maí 2023 ásamt afrit af tölvupóstum milli hönnuða og Minjastofnunar.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **16. Freyjugata 1 - USK24040329**

Sótt er um leyfi til þess að innrétta "take away" veitingarstað í flokki? tegund? með tilheyrandi eldhúsi og starfmannastöðu fyrir og 2 starfsmenn í rými 0103 í verslunar- og íbúðarhúsi á lóð nr. 1 við Freyjugötu.

Erindi fylgir afrit af ódagsettum viðauka við leigusamning vegna einkaaafnota rýmis 0103 af sameign og afrit af aðaltekningu samþykktari 30. mars 1995.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **17. Funafold 35 - USK24090023**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059294 þannig að stoðveggur hefur verið byggður á lóðamörkum, saunabygging er orðin tækjageymsla og komið er fyrir útiskýli á suðurlóð einbýlishúss á lóð nr. 35 við Funafold.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

### 18. Grettisgata 20A - USK24050253

Sótt er um leyfi að fjölga eignum, bæta við tveimur nýjum íbúðum, einni í kjallara og annarri á rishæð mhl.01, dýpka kjallara, rífa núverandi stigahús og byggja viðbyggingu á tveimur hæðum auk kjallara, og svala til suðurs auk þess að byggja nýbyggingu mhl.02, með tveimur íbúðum, á tveimur hæðum auk kjallara á suðurhluta lóðar nr. 20A við Grettisgötu

Afgreiðist samhliða erindi USK25060130, sem fjallar um samskonar framkvæmir fyrir aðliggjandi hús á lóð nr. 20B við Grettisgötu.

Stækkun Mhl.01: 116.3 ferm., 476.1 rúmm.

Stærð Mhl.02: 148.8 ferm., 497.4 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar vegna íbúðar í kjallara dags. 20. nóvember 2024, greinargerð hönnuðar um frávik frá algildri hönnun varðandi íbúð 0001 dags. 23. október 2024, greinargerð frá hönnuði dags. 21. ágúst 2024, ódagsett greinargerð Tensio verkfræðistofu um burðarþolshönnun, umsagnir Minjastofnunar varðandi mhl.01 dags. 8. febrúar 2023 og mhl.02 dags. 15. júní 2023 og 22. október 2023, afrit af tillögu að deiliskipulagsbreytingu á teikningu 1125-00-01a dags. 16. febrúar 2024, hæðablað dags. september 2014 yfirlit breytinga á afriti aðaluppdrættis samþykktum 13. maí 1976, og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti, sem fallin er úr gildi, samþykktum 24. janúar 2017.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 19. Grettisgata 20A - USK24060182

Sótt er um leyfi til þess að rífa bakhús, skráð sem gripahús, mhl.02, vegna fyrirhugaðrar nýbyggingar á lóð nr. 20A við Grettisgötu.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK24050253.

Stærð mhl.02: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 15. júní 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 20. Grettisgata 20B - USK24060181

Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum, þannig að í húsinu verði fjórar íbúðir, rífa núverandi stigahús og byggja viðbyggingu á tveimur hæðum auk kjallara og svala til suðurs á íbúðarhúsi á lóð nr. 20B við Grettisgötu.

Afgreiðist samhliða erindi USK25050253, sem fjallar um samskonar framkvæmir fyrir aðliggjandi hús á lóð nr. 20A við Grettisgötu.

Stækkun: 131,2 ferm., 489.8 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð frá hönnuði dags. 21. ágúst 2024, umsagnir Minjastofnunar varðandi mhl.01 dags. 8. febrúar 2023 og mhl.02 dags. 15. júní 2023 og 22. október 2023, afrit af tillögu að deiliskipulagsbreytingu á teikningu 1125-00-01a dags. 16. febrúar 2024, hæðablað dags. september 2014, yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 11. júlí 2000 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti, sem fallin er úr gildi, samþykktum 24. janúar 2017.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 21. Guðrúnartún 1 - USK24070209

Sótt er um leyfi til að koma fyrir loftræstistokki við flóttastiga á austurhlið og til að breyta innra skipulagi á þriðju hæð skrifstofuhúss á lóð nr. 1 við Guðrúnartún.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda. dags. 9. og 10. júlí 2024.

Stækkun: 6,8 ferm., 89,1 rúmm.

Eftir breytingu: 8.321,9 ferm., 22.808,3 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

## 22. Hagatorg 1 - USK24100247

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 1. og 2. hæð suðurálmú í atvinnu- og kennsluhúsi á lóð nr. 1 við Hagatorg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 9. janúar 2018 og 12. mars 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

## 23. Hamrahlíð 17 - USK24110047

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060168 sem felst í að breyta innra skipulagi í húsi á lóð nr. 17 við Hamrahlíð.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

## 24. Hamravík 10 - USK24110345

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í bókasafni og félagsmiðstöð, koma fyrir nemendaskápum í rýmum 0104 og 0153 og samræma brunavörnum á 1. hæð í Víkurskóla á lóð nr. 10 við Hamravík.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

## 25. Heiðargerði 24 - USK24090335

Sótt er um leyfi til að hækka þak, setja á kvisti bæta við glugga á gafli og breyta innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 24 við Heiðargerði.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

Stækkun: 54,7 ferm., 162,3 rúmm.

Frestað. Lagfæra skráningu.

## **26. Hraunteigur 30 - USK24110165**

Sótt er um leyfi til þess að byggja tvöfaldan bílskúr/vinnustofu í suðvesturhorni íbúðarhúsaloðar nr. 30 við Hraunteig.

Stærð: 48.8 ferm., 157.6 rúmm

Afgreiðist samhliða erindi í USK24110348, umsókn um niðurrif.

Erindi fylgir afrit af deiliskipulagsupprætti dags. 18. október 2023 og lóðauppdráttur 1.361.1 dags, 18. maí 2017.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## **27. Hraunteigur 30 - Niðurrif - USK24110348**

Sótt er um leyfi til þess að rífa bílskúr, mhl.02, í eigu íbúðar 0101 í íbúðarhúsi á lóð nr. 30 við Hraunteig.

Stærð niðurrifs. 21.2 ferm., 51.4 rúmm.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK24110165 umsókn um nýbyggingu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## **28. Hrossnes 10-16 - USK24100358**

Sótt er um leyfi til að byggja hesthús á tveimur hæðum á lóð nr. 10-16 við Hrossnes.

Stærð: 393,6 ferm., 1081,60 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til umsagnar.

## **29. Hverfisgata 6 - USK23090291**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052754 með því að breyta innra skipulagi á 2. og 3. hæð húss á lóð nr. 6 við Hverfisgötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## **30. Hverfisgata 83 - USK24090117**

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun, eignarhaldi og rýmisnúmerum vegna gerðar eignarskiptasamnings, þannig að íbúð 0003 verður íbúð 0001 og rými sem áður voru í sameign, rými 0002, sem áður var lesstofa, verður geymsla og tilheyrir íbúð 0001 og rými 0001 sem áður var barnapössun verður nú geymsla 0016, auk andyris með snyrtingu og eldhúskrók sem tilheyrir íbúð 0103 í íbúðarhúsi á lóð nr. 83 við Hverfisgötu.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 16. október 2024 og yfirlit breytinga á afrita aðaluppdráttar samþykktum 30. desember 1993.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

### 31. Höfðabakki 9 - USK24110349

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í eldhúsi og sal, rými 0101, innréttu lager í rými 0006 og uppfæra starfsmannaaðstöðu í rými 0007 í veitingastað í flokki X, teg. X mhl. 01 á lóð nr. 9 við Höfðabakka. Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 32. Háteigsvegur 2 - USK24070140

Sótt er um leyfi til að byggja tvær viðbyggingar, annars vegar biðstofu framan við núverandi anddyri á norðurhlíð og hins vegar nýtt anddyri á austurhlíð íbúðar- og atvinnuhúss á lóð nr. 2 við Háteigsveg. Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 31. maí 2024 og lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. apríl 2024.

Erindið var grenndarkynnt fyrir frá 18. september 2024 til og með 16. október 2024.

Engar athugasemdir bárust.

Stækkun: 28,3 ferm., 175,1 rúmm. Eftir stækkun: 582,6 ferm., 1.693,1 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

### 33. Háteigsvegur 33 - USK24110288

Sótt er um leyfi til þess fækka eignum, fjarlæga námsmannaíbúðir 0101, 0102 og 0103 og stækka að sama skapi leikskóla á 1. hæð í fjölbýlishúsi nr. 33, mhl.01, á lóð nr. 31-33 við Háteigsveg.

Erindi fylgir greinargerð Cowi um brunavarnir dags. 24. júní 2024, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 6. júní 2024 og samþykki meðlóðarhafa á aðaluppdráttum dags. ólæsileg og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 17. desember 2002.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 34. Laugavegur 11 - USK24100306

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi UKS24050065 vegna lokaúttektar þannig innra skipulagi í rými 0202 og 0203 er breytt vegna sameiningar í eina skrifstofueiningu í verslunar- og veitingahúsi á lóð nr. 11 við Laugaveg.

Erindi fylgir umsögn vinnueftirlitsins dags. 20. nóvember 2024 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 27. ágúst 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.



### **35. Laugavegur 163 - USK24100244**

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innréttu hótélíbúð í rými 0102 á jarðhæð í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 163 við Laugaveg.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. nóvember 2024 og ljósmynd af fundargerð aðalfundar ónafngreinds félags dags. 17. apríl 2024.

Synjað. Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 28. nóvember 2024.

### **36. Laugavegur 170 - USK24090270**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK231000047 með því að sameina tvær íbúðir í eina í tveimur stigahúsum á 6. og 7. hæð við Laugaveg, bílastæðum fækkað, gerðar tvær lokaðar bílgeymslur og fjórar lokaðar geymslur bílgeymsluhluta og fyrirkomulagi annarra geymsla breytt í K1 þannig að nú verða 100 íbúðir og 68 bílastæði í húsi á lóð nr. 170 við Laugaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Lagfæra skráningu.

### **37. Laugavegur 2 - USK24100346**

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að umfang matsölu er minnkað og eldhúsi breytt í móttökueldhús í veitingarstað í flokki II tegund f fyrir ?? gesti í verslunar- og veitingarhúsi á lóð nr. 2 við Laugaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 2. mars 2004 og afrit af aðaluppdrætti sem synjað var 14. júlí 2012.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **38. Laugavegur 86-94 - USK24110326**

Sótt er um leyfi til að innréttu veitingastað í flokki II, teg. kaffihús og nuddstofu í rými 0104 á lóð nr. 86-94 við Laugaveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **39. Melar II - USK24110305**

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu úr timbri við suðausturgafli einbýlishúss á lóðinni Melar II með landnúmer 125723.

Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 25. nóvember 2024, vottorð um starfsábyrgðartryggingu dags. 1. apríl 2024 og yfirlit breytinga.

Stækkun: 275,1 ferm., 1.155,4 rúmm.

Eftir stækkun: 401,3 ferm., 1.577,4 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

#### 40. Rafstöðvarvegur 25 - USK24100227

Sótt er um leyfi til þess að reisa steinsteypt hús, mhl.02 , og innrétta þurrufu og sturtuadstöðu í tengslum við heitan pott og útiverönd á suðurhluta einbýlishúsalóðar nr. 25 við Rafstöðvarveg.

Stærð: 22.5 ferm., 67.5 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 27. nóvember 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### 41. Seljavegur 2 - USK24100084

Sótt um leyfi til að aðskilja rekstur veitingastaðar í flokki II, teg. veitingahús og kaffihúss í flokki I í rými 0102 ásamt því að gerð er hurð úr vörumóttöku inn í sparymi í hóteli á lóð nr. 2 við Seljaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### 42. Seljavegur 2 - USK24100343

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24020073 þannig að fyrirkomulagi gistiherbergja er breytt og handlaugum komið fyrir framan við snyrtingar í hóteli á lóð nr. 2 við Seljaveg.

Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 6. febrúar 2024, úrskurður umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis dags. 10. september 2024 og bréf hönnuðar varðandi fyrirkomulag gistiherbergja dags. 29. október 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

#### 43. Sigtún 39 - USK24090090

Sótt er um leyfi til að hækka þak og innrétta íbúðarrými í risi ásamt því að gera hurð út í garð á suðurhlið kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 39 við Sigtún.

Stækkun: xx ferm., 119,2 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### 44. Skarfagarðar 2 - USK24110242

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi á 1. og 2. hæð í atvinnuhúsi á lóð nr. 2 við Skarfagarða.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

#### 45. Smiðshöfði 19 - USK24110266

Sótt e rum leyfi til að koma fyrir stafrænu auglýsingaskilti á gafl húss á lóð nr. 19 við Smiðshöfða.

Erindi fylgir umboð eiganda dags. 20. nóvember 2024, umsókn dags. 20. nóvember 2024 og kort úr samþykkt um skilti í Reykjavík.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

#### 46. Snorrabraut 77 - USK24110289

Sótt er um leyfi til að hækka ris og skipta í tvær íbúðir einbýlishúsi á lóð nr. 77 við Snorrabraut. Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Stækkun: 44,4 ferm., 157,9 rúmm.  
Eftir stækkun; 285 ferm.. 772,9 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### 47. Spöngin 9 - USK24110319

Sótt er um leyfi til að byggja yfir svæði fyrir pressugám og vörumóttöku og skjólvegg að götu á norðvesturhlið ásamt því að uppfæra brunavarnir í verslun Bónus á lóð nr. 9 við Spöngina.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga og greinargerð og viðauki frá Örugg dags. 24. nóvember 2024.  
Stækkun: 50 ferm.  
Stærð eftir breytingu: 1.432,1 ferm., 6.898,5 rúmm.

Frestað. Lagfæra skráningu.

#### 48. Stigahlíð 86 - USK24110322

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt, 2ja hæða einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu, að hluta einangrað að utan og klætt læstri málmklæðningu á lóð nr. 86 við Stigahlíð.  
Stærð, A-rými: 389,7 ferm., 1.265,8 ferm.  
B-rými: 25,6 ferm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

#### 49. Stálhöfði 2 - USK24110324

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK24050360 þannig að fallið er frá kjallara neðri kjallara, geymslur eru minnkaðar, innra skipulagi íbúða er breytt, lóðarhönnun er breytt, skábrautum breytt í tröppur, djúpgámum fækkað auk þess sem brunahönnun er breytt og skráningartafla uppfærð fyrir fjölbýlishús á lóð nr. 2 við Stálhöfða.  
Breytt strærð: xx.x ferm., xx.x rúmm.  
Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 26. nóvember 2024 og yfirlit breytinga á afriti óstimplaðra aðaluppdráttu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### 50. Suðurgata 41 - USK24110244

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi í eldhúsi í Þjóðminjasafninu á lóð nr. 41 við Suðurgötu.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 7. september 2010.

Frestað. Vísað til athugasemda.

**51. Sæviðarsund 100 - USK24100340**

Sótt er um leyfi til þess að stækka með viðbyggingu til suðausturs einbýlishús á lóð nr. 100 við Sæviðarsund.

Stækkun xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir afrit mæliblað 1.411.3 dags. í ágúst 1978 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 11. febrúar 1965.

Frestað. Vísað til athugasemda.

**52. Varmahlíð 1 - USK24100342**

Sótt er um leyfi til þess að reisa forsmíðaðan sýningarsal á lóð nr. 1 við Varmahlíð.

Erindi fylgja samþykktir aðaluppdrættir dags. 12. febrúar 2019 og 12. september 2019.

Stærð: 109,8 ferm., 678,5 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

**53. Vatnsveituv. Fákur - USK24050151**

Sótt er um leyfi til að byggja stoðvegg við Faxaból 12 á lóð við Vatnsveituveg Fákur.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda ódagsett.

Frestað. Vísað til athugasemda.

**54. Fiskislóð 15-21 - USK24110044**

Sótt er um leyfi til þess að setja upp fjölorkustöð á lóð nr. 15-21 við Fiskislóð.

Erindi fylgir Yfirlit breytingar dags.

Stærðir:

Ferm.31,7 Rúmm.81,8

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

**Fundi slitið kl. 11:55**

**Brynjar Þór Jónasson  
Edda Þórsdóttir  
Sigrún Reynisdóttir  
Sigurður Stefán Karlsson  
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir**